

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 20

24. árgangur

30.3.2017

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2017/EES/20/01	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 093/16/COL frá 11. maí 2016 – Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA um viðeigandi vöru- og þjónustumarkaði á sviði rafræna fjarskipta sem geta gefið tilefni til fyrirframlagningar kvaða í samræmi við ákvæði gerðarinnar sem um getur í XI. viðauka EES-samningsins, lið 5cl (<i>tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu</i>), með áorðnum breytingum skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 með EES-samningnum og aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í XI. viðauka samningsins	1
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/20/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8059 – Investindustrial/Black Diamond/Polynt/Reichhold)	9
2017/EES/20/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8314 – Broadcom/Brocade)	10
2017/EES/20/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8362 – Lonza Group/Capsugel)	11
2017/EES/20/05	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8389 – Groupe Crédit Mutuel/BNP Paribas/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2017/EES/20/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8413 – Engie/Omnes Capital/Predica/Engie PV Besse/Engie PV Sanguinet) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13

2017/EES/20/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8417 – KKR/Travelopia) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2017/EES/20/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8428 – CVC/Żabka Polska) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	15
2017/EES/20/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8430 – AÜW/Siemens/egrid) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	16
2017/EES/20/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8438 – Bolloré Energy/Total Marketing France/DRPC) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	17
2017/EES/20/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8442 – Ardian/Groupe Prosol) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	18
2017/EES/20/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8087 – Smiths Group/Morpho Detection)	19
2017/EES/20/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8342 – Mitsubishi Chemical Group/PTT Public Company Group/JV)	19
2017/EES/20/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8373 – Europa Capital/Rezidor/PHD Polska)	20
2017/EES/20/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8377 – SPIE/SAG)	20
2017/EES/20/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8383 – AMC/Nordic Cinema Group)	21
2017/EES/20/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8395 – Bridgepoint/Zenith)	21
2017/EES/20/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8403 – Sumitomo/Musashi Semitsu Industry/Hay Holding)	22
2017/EES/20/19	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 2016 um málarekstur skv. 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 54. gr. EES-samningsins (mál AT.39317 – E.ON Gas)	23
2017/EES/20/20	Auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2017 – Þriðja aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014–2020)	24
2017/EES/20/21	Auglýst eftir tillögum – EACEA/07/2017 samkvæmt áætluninni Erasmus+ – Lykilaðgerð 3: Stuðningur við umbætur á stefnumálum – Félagsleg samheldni fyrir tilstilli menntunar, þjálfunar og æskulýðsstarfs	25

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2017/EES/20/01

nr. 093/16/COL

frá 11. maí 2016

TILMÆLI EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

um viðeigandi vöru- og þjónustumarkaði á sviði rafrænna fjarskipta sem geta gefið tilefni til fyrirframlagningar kvaða í samræmi við ákvæði gerðarinnar sem um getur í XI. viðauka EES-samningsins, lið 5cl (*tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu*), með áorðnum breytingum skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 með EES-samningnum og aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í XI. viðauka samningsins

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾

með vísan til gerðarinnar sem um getur í XI. viðauka EES-samningsins, lið 5cl, *tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu* ⁽²⁾ (í því sem hér fer á eftir nefnd „rammatilskipunin“), með áorðnum breytingum skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 með samningnum og aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í XI. viðauka samningsins, einkum 1. mgr. 15. gr.,

með vísan til tilmæla Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5. nóvember 2008 um [viðeigandi]* markaði á sviði fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvæðir ⁽³⁾ (í því sem hér fer á eftir nefnd „tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 2008“) og leiðbeinandi reglna stofnunarinnar um markaðsgreiningu og mat á því hvort mikil markaðsítök eru fyrir hendi ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 9. október 2014 gaf framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (í því sem hér fer á eftir nefnd „framkvæmdastjórnin“) út tilmæli 2014/710/ESB um viðeigandi vöru- og þjónustumarkaði á sviði rafrænna fjarskipta sem geta gefið tilefni til fyrirframlagningar kvaða í samræmi við rammatilskipunina ⁽⁵⁾.
- 2) Við endurskoðun á tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA um viðeigandi markaði hefur verið byggt á tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2014/710/ESB. Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið þá afstöðu í tengslum við þessa endurskoðun að samanburður á markaðsþróun skuli fara fram með hlíðsjón af því sem gerist á Evrópska efnahagssvæðinu almennt en ekki aðeins með tilliti til markaðsaðstæðna í einstökum EFTA-ríkjum.
- 3) Þegar horft er til markaðsþróunar í EFTA-ríkjunum virðist ekki líklegt að markaðsstarfsemi á sviði rafrænna fjarskipta í EFTA-ríkjunum þremur víki að jafnaði meira (en raunin er í einstökum aðildarríkjum Evrópusambandsins) frá því sem gerist að meðaltali á mörkuðum í Evrópusambandinu, eða á Evrópska efnahagssvæðinu í heild.

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslenska textanum.]

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

^(*) Hornklofar í textanum einkenna orð sem breytt hefur verið frá áður prentuðum útgáfum (aths. þýð.).

⁽³⁾ Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5. nóvember 2008 um [viðeigandi] vöru- og þjónustumarkaði á sviði fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvæðir í samræmi við ákvæði gerðarinnar sem um getur í XI. viðauka EES-samningsins, lið 5cl (*tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu*), með áorðnum breytingum skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 með samningnum og aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í XI. viðauka samningsins (Stjttíð. ESB C 156, 9.7.2009, bls. 18, og EES-viðbætur nr. 36, 9.7.2009, bls. 1).

⁽⁴⁾ Leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um markaðsgreiningu og mat á [því hvort mikil markaðsítök eru fyrir hendi] samkvæmt [réttarreglum] um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu sem um getur í XI. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (Stjttíð. ESB C 101, 27.4.2006, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 21, 27.4.2006, bls. 1), í því sem hér fer á eftir nefndar „leiðbeinandi reglur ESA um markaðsgreiningu og mat á því hvort mikil markaðsítök eru fyrir hendi“.

⁽⁵⁾ Stjttíð. ESB L 295, 11.10.2014, bls. 79.

- 4) EES-samningurinn hefur það markmið að mynda öflugt og einsleitt Evrópskt efnahagssvæði er grundvallast á sameiginlegum reglum og jöfnum samkeppnisskilyrðum⁽⁶⁾. Með hliðsjón af þessu markmiði og framangreindum sjónarmiðum gefur Eftirlitsstofnun EFTA út tilmælin sem hér birtast, og byggð eru á tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2014/710/ESB, til þess að tryggja samræmi í því hvernig sameiginlegum réttarreglum er beitt, svo og réttaröryggi þeirra sem eiga hagsmuna að gæta á mörkuðum fyrir rafræn fjarskipti á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 5) Rammatilskipunin hefur að geyma réttarreglur um rafræn fjarskipti sem eru meðal annars hugsaðar sem viðbrögð við auknum tæknisamruna og eru þannig felldar undir reglurnar allar tegundir rafrænna fjarskiptakerfa og allar tegundir þjónustu á þessu sviði. Réttarreglurnar eru settar með það að markmiði, meðal annars, að draga smám saman úr fyrirframálagningu kvaða í einstökum atvinnugreinum eftir því sem samkeppni eykst á hverjum markaði, þannig að starfsemi á sviði rafrænna fjarskipta lúti þegar fram í sækir aðeins ákvæðum samkeppnislaga.
- 6) Samkvæmt 15. gr. rammatilskipunarinnar ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út tilmæli um viðeigandi vöru- og þjónustumarkaði, eftir að hafa kynnt þau almenningi til samráðs og borið þau undir eftirlitsyfirvöld í EFTA-ríkjunum.
- 7) Í samræmi við það markmið er það tilgangur tilmælanna, sem hér birtast, að gera grein fyrir því hvaða vöru- og þjónustumarkaðir geta gefið tilefni til fyrirframálagningar kvaða í samræmi við ákvæði 1. mgr. 15. gr. rammatilskipunarinnar. Fyrirframálagning kvaða hefur það markmið, þegar allt kemur til alls, að bæta hag notenda með því að sjá til þess að samkeppni komist á í reynd og með varanlegum hætti á smásölumörkuðum. Ætla má að eftirlitsyfirvöld muni geta talið æ fleiri smásölumarkaði einkennast af fullnægjandi samkeppni þó að engum opinberum kvöðum sé beitt á heildsölustigi, ekki síst þegar horft er til væntanlegs árangurs á sviði nýsköpunar og samkeppnismála.
- 8) Skilgreiningar á viðeigandi mörkuðum geta breyst á síðari stigum ef fram kemur vara eða þjónusta með nýja eiginleika eða breytingar verða á því hvaða eftirspurnar- eða framboðsstaðganga getur átt sér stað. Rúm sjö ár eru nú liðin frá því að tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 2008 öðluðust gildi og er eðlilegt að endurskoða þau núna með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur á mörkuðum frá þeim tíma. Tilmælin, sem hér birtast, koma þannig í stað tilmæla Eftirlitsstofnunar EFTA frá 2008 og fela í sér leiðsögn fyrir eftirlitsyfirvöld einstakra ríkja um hvernig standa skal að markaðsathugunum á næstu árum.
- 9) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. rammatilskipunarinnar ber Eftirlitsstofnun EFTA að gera grein fyrir því hvaða markaðir á sviði rafrænna fjarskipta eru þess eðlis að tilefni sé til álagningar opinberra kvaða í samræmi við meginreglur samkeppnislaga. Skilgreiningar á vörumörkuðum á sviði rafrænna fjarskipta í þessum tilmælum miðast því við meginreglur samkeppnisréttar.
- 10) Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. rammatilskipunarinnar er það hlutverk eftirlitsyfirvalds í hverju ríki að skilgreina, í samræmi við ákvæði samkeppnisréttar og að teknu fyllsta tilliti til tilmælanna sem hér birtast, viðeigandi markaði sem falla að aðstæðum í landinu, en einkum landsvæðin sem falla undir hvern slíkan markað í umdæmi þeirra.
- 11) Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. rammatilskipunarinnar skal fyrirframálagningu kvaða aðeins beitt á mörkuðum sem einkennast ekki af samkeppni í reynd. Í 27. lið inngangsorða tilskipunarinnar er þetta skýrt á þá leið að markaður teljist ekki búa við samkeppni í reynd ef eitt eða fleiri fyrirtæki hafa þar mikil ítök og úrræði samkvæmt samkeppnislöggjöf landsins og Evrópska efnahagssvæðisins nægja ekki til að ráða bót á þeim samkeppnisvanda. Greining á því hvort markaður einkennist af samkeppni í reynd verður jafnframt að taka til þess hvort samkeppni muni komast á þegar fram í sækir, eða með öðrum orðum hvort um sé að ræða varanlegan misbrest á að samkeppni sé í reynd á markaðnum.
- 12) Hvort sem Eftirlitsstofnun EFTA eða eftirlitsyfirvöld einstakra ríkja eiga í hlut hvílir sú niðurstaða að tilefni sé til fyrirframálagningar kvaða á tilteknum heildsölumörkuðum fyrst og fremst á greiningu á tilsvarendi smásölumörkuðum. Greining á smásölumörkuðum byggist á mati á

⁽⁶⁾ Fjórða forsenda inngangsorða samningsins um evrópskt efnahagssvæði.

staðkvæmd á eftirspurnarhlið, svo og á framboðshlið eftir því sem við á, eins og hún getur hugsanlega orðið á tilteknu tímabili á komandi árum. Þegar viðeigandi markaðir eru skilgreindir í samræmi við ákvæði 3. mgr. 15. gr. rammatilskipunarinnar skulu eftirlitsyfirvöld í viðkomandi ríki gera grein fyrir því hvaða landsvæði telst falla undir hvern slíkan markað með vísan til þess að samkeppnisskilyrði séu áþekkt eða nægilega einsleit hvarvetna á því svæði og að greina megi það frá nærliggjandi svæðum með vísan til verulegs munar á samkeppnisskilyrðum, að teknu sérstöku tilliti til þess hvort fyrirtækið, sem ætla má að geti öðlast mikil markaðsítök, starfar með sama hætti á öllu svæðinu sem fjarskiptakerfi þess tekur til eða býr við samkeppnisskilyrði sem eru að verulegu leyti breytileg í þeim skilningi að samkeppnisaðhald er fyrir hendi á sumum sviðum en ekki öðrum.

- 13) Ef fyrirtæki telst hafa mikil ítök á tilteknum smásölumarkaði ber að meta hvort hann muni einkennast af samkeppni í reynd þegar fram í sækir án þess að til opinberra kvaða þurfi að koma. Á hinn bóginn verður greiningin einnig að taka mið af þeim áhrifum sem aðrar réttarreglur, sem gilda um viðeigandi smásölumarkað og heildsölumarkaði er honum tengjast, geta haft á tímabilinu sem athugunin tekur til.
- 14) Þegar unnið er að markaðsgreiningu samkvæmt 16. gr. rammatilskipunarinnar skal hver markaður metinn með hliðsjón af því hvernig hann getur þróast á komandi árum að teknu tilliti til markaðsaðstæðna eins og þær eru þegar matið fer fram. Greiningin verður að fela í sér mat á því hvort samkeppni muni komast á þegar fram í sækir eða fremur sé um að ræða varanlegan samkeppnisbrest á markaðnum, með hliðsjón af væntanlegri eða fyrirsjáanlegri markaðspróun ⁽⁷⁾.
- 15) Ef talið er að smásölumarkaðurinn, sem um ræðir, muni ekki einkennast af samkeppni í reynd þegar fram í sækir nema fyrir tilstuðlan fyrirframálagðra kvaða skal úttektin einnig látin taka til tilsvarendi heildsölumarkaða sem geta gefið tilefni til fyrirframálagningar kvaða samkvæmt 16. gr. rammatilskipunarinnar. Þegar hugað er að takmörkum viðeigandi heildsölumarkaðar sem svarar til tiltekins smásölumarkaðar, svo og ítökum einstakra fyrirtækja á þeim markaði, til þess að skera úr um hvort hann einkennist af samkeppni í reynd skal tekið tillit til beins og óbeins samkeppnisaðhalds sem fyrirtæki á markaðnum búa við, óháð því hvort það aðhald stafar af rafrænum fjarskiptakerfum, rafrænni fjarskiptaþjónustu eða þjónustu eða tilhöggun af öðru tagi sem teljast verður sambærileg í augum endanlegra notenda ⁽⁸⁾. Sé aftur á móti talið að smásölumarkaðurinn, sem um ræðir, muni einkennast af samkeppni í reynd þegar fram í sækir án þess að til fyrirframálagningar kvaða þurfi að koma á viðeigandi heildsölumörkuðum sem til hans svara, er eðlilegt að niðurstaða hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalds verði sú að engra kvaða sé lengur þörf á heildsölustigi. Í slíkum tilvikum ber að meta viðeigandi heildsölumarkaði, sem svara til smásölumarkaðarins sem um ræðir, með það fyrir augum að fella fyrirframálagðar kvaðir úr gildi. Þegar þannig stendur á að heildsölumarkaðir í framboðskeðjunni tengjast lóðrétt skal fyrst greina þann heildsölumarkað sem liggur fjærst smásölumarkaðnum sem um ræðir.
- 16) Heildsölumarkaðirnir, sem taldir eru upp í viðauka með þessum tilmælum, geta verið þess eðlis að tilefni sé til fyrirframálagningar kvaða, þ.e. þegar þeir fullnægja í aðalatriðum hverju og einu neðangreindra skilyrða, sem voru einnig notuð í eldri gerðum tilmælanna til að gera grein fyrir því hvaða markaðir geta gefið tilefni til fyrirframálagningar kvaða. Fyrsta skilyrðið er að fyrir hendi séu miklar og varanlegar aðgangshindranir. Við rannsókn á því hvaða viðeigandi markaðir geta gefið tilefni til fyrirframálagningar kvaða þegar fram í sækir ber þó einnig að horfa til þess hvort fyrirtæki muni geta sigrast á aðgangshindrunum á tímabilinu sem miðað er við, að teknu tilliti til þess hversu sveigjanlegir fjarskiptamarkaðir eru í eðli sínu og framkvæmd. Annað skilyrðið lýtur að því hvort uppbygging markaðar er með þeim hætti að hann muni taka að einkennast af samkeppni í reynd á tímabilinu sem miðað er við. Í tengslum við þetta þarf meðal annars að rannsaka mismunandi aðgang að grunnvirkjum og aðra samkeppnisþætti sem liggja að baki aðgangshindrununum. Þriðja skilyrðið er að úrræði samkeppnislaga myndu ekki duga til þess að vinna bug á viðkomandi markaðsbresti/-brestum. Helstu vísbendingar, sem horfa ber til við mat á fyrsta og öðru skilyrðinu, eru áþekkar þeim sem skoðaðar eru þegar hugað er að framtíðarþróun

⁽⁷⁾ Sbr. 20. lið leiðbeinandi reglna ESA um markaðsgreiningu og mat á því hvort mikil markaðsítök eru fyrir hendi. Sjá 4. nmgr. hér á undan.

⁽⁸⁾ Dæmi um þetta er svonefnd OTT-þjónusta (e. *over-the-top services*) sem þannig háttar til um að enda þótt ekki sé talin vera bein staðgang milli hennar og þjónustu starfandi fjarskiptafyrirtækja, eins og nú stendur á, standa líkur til að útbreiðsla hennar aukist stig af stigi á næstu árum vegna hraðrar tækniþróunar.

markaða til þess að skera úr um hvort fyrirtæki hefur mikil ítök á viðkomandi markaði. Hér er einkum átt við vísbendingar um aðgangshindranir sem kunna að vera fyrir hendi þegar engum opinberum kvöðum er til að dreifa (meðal annars hversu þungt óafturkræfir kostnaðarliðir veða), uppbyggingu markaðarins, skilvirkni markaðarins svo og þætti sem hafa áhrif á sveigjanleika hans, en þar er átt við vísbendingar á borð við markaðshluti og þróun þeirra, verð á markaði og þróun þess og umfang og útbreiðslu neta eða grunnvirkja á vegum keppinauta.

- 17) Að því er fyrsta skilyrðið varðar þarf vegna þessara tilmæla að huga að tvenns konar aðgangshindrunum: annars vegar skipulagslegum hindrunum og hins vegar lagalegum og stjórnsýslulegum hindrunum. Skipulagslegar aðgangshindranir koma til vegna þess að þær upphafsáðstæður, sem kostnaðarþættir og eftirspurn ráðast af, þjóna betur fyrirtækjum sem fyrir eru á markaðnum en nýliðum og teifa þannig eða stöðva markaðssókn hinna síðarnefndu. Miklar skipulagslegar hindranir geta til að mynda talist vera fyrir hendi þegar markaðurinn einkennist af ótvíræðu kostnaðarhagræði, mikilli stærðarhagkvæmni og/eða samlegðaráhrifum, hindrunum sem takmarka möguleika á að auka framboð og veigamiklum óafturkræfum kostnaðarliðum. Það er skipulagsleg hindrun af svipuðu tagi þegar ekki er unnt að veita tiltekna þjónustu nema með netkerfisbúnaði sem keppinautar hafa ekki tök á að koma sér upp, annaðhvort af tæknilegum ástæðum eða vegna kostnaðar.
- 18) Lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir stafa ekki af efnahagslegum þáttum heldur af lögum, stjórnsýslureglum eða öðrum opinberum ráðstöfunum sem móta með beinum hætti aðgangsskilyrði atvinnurekenda og/eða stöðu þeirra á viðeigandi markaði. Dæmi um lagalega eða stjórnsýslulega hindrun, sem torveldar eða kemur í veg fyrir markaðssókn, eru takmarkanir á fjölda þeirra fyrirtækja sem fá úthlutað tíðni á tíðnirófinu til að geta veitt grunnþjónustu. Önnur dæmi um lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir eru verðlagseftirlit og aðrar verðlagsráðstafanir sem fyrirtækjum er skylt að hlíta og hafa ekki aðeins áhrif á markaðssókn fyrirtækja heldur einnig stöðu þeirra á markaðnum. Lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir, sem ætla má að falli úr gildi á tímanum sem miðað er við, ber að jafnaði ekki að telja til aðgangshindrana sem fullnægi fyrsta skilyrðinu.
- 19) Aðgangshindranir geta einnig skipt minna máli á mörkuðum sem byggjast á nýsköpun og einkennast þannig af stöðugum tækniframförum. Á slíkum mörkuðum stafar samkeppnisaðhald oft af tækninýjungum fyrirtækja sem eru enn utan markaðarins en geta síðar orðið keppinautar þeirra sem þar eru fyrir. Á mörkuðum, sem byggjast á nýsköpun, getur verið virk samkeppni eða langtímasamkeppni milli fyrirtækja sem eru hugsanlega ekki keppinautar á starfandi markaði sem lýsa mætti sem „kyrrstæðum“. Í þessum tilmælum er fjallað um markaði sem talið er að muni einkennast af aðgangshindrunum um fjárfjarlegu framtíð. Við mat á því hversu líklegt er að aðgangshindranir verði áfram við lýði ef engum opinberum kvöðum verður beitt er nauðsynlegt að skoða hversu algengt er að ný fyrirtæki hefji starfsemi í greininni með góðum árangri og hvort slík markaðssókn hefur gerst nægilega hratt og með nægilega varanlegum hætti til að draga úr markaðsítökum fyrirtækjanna sem fyrir eru, eða ætla má að svo verði á komandi árum. Vægi aðgangshindrana ræðst meðal annars af minnsta hagkvæma framleiðslumagni og umfangi óafturkræfra kostnaðarliða.
- 20) Þó að markaður einkennist af miklum aðgangshindrunum geta aðrir skipulagslegir þættir valdið því að hann þróist engu að síður í átt til samkeppni í reynd á tímabilinu sem miðað er við. Þróun, sem leiðir til þess að samkeppni kemst á í reynd, sbr. annað skilyrðið, felur í sér annaðhvort að markaðurinn verði fjarinn að einkennast af samkeppni í reynd á tímanum sem athugunin nær til, án þess að til fyrirframálagningar kvaða hafi komið, eða að hann geri það síðar, og verða þá að liggja fyrir á athugunartímanum skýrar vísbendingar um slíka jákvæða þróun á markaðnum. Þróun af því tagi getur, svo dæmi séu tekin, átt sér stað vegna tæknipróunar eða vegna samruna vörutegunda og markaða sem leiðir til þess að samkeppnisaðhald myndast milli fyrirtækja sem starfa á mismunandi vörumörkuðum. Hið sama getur gerst á mörkuðum þar sem starfandi fyrirtæki eru fá – en þó nægilega mörg – en hafa ólíka kostnaðaruppbyggingu og þurfa að anna eftirspurn sem er mjög háð verðbreytingum. Þá getur framleiðslugeta á markaðnum verið umfram eftirspurn, en við þær aðstæður geta keppinautar að jafnaði aukið framleiðslu sína mjög hratt til þess að bregðast við verðhækkunum. Á mörkuðum sem þessum má vænta þess að breytingar verði smám saman á markaðshlutdeild og/eða að verðlækkunir komi fram.

- 21) Þriðja skilyrðið þjónar þeim tilgangi að meta hvort heimilar ráðstafanir samkvæmt samkeppnislögum geta leitt til fullnægjandi úrbóta á viðvarandi markaðsbrestum sem í ljós hafa komið, einkum með vísan til þess að fyrirframlagning kvaða getur verið skilvirk leið til þess að hindra brot á ákvæðum samkeppnislaga. Búast má við að ráðstafanir á grundvelli samkeppnisréttar séu ófullnægjandi til að mynda þegar mikið umstang fylgir því að hlíta ákvæðum ráðstöfunar sem ætlað er að ráða bót á viðvarandi markaðsbresti, og þegar árangur af slíkri ráðstöfun er háður því að henni sé beitt oft og/eða með litlum fyrirvara. Af þessum sökum verður fyrirframlagning kvaða að teljast viðeigandi ráðstöfun til viðbótar úrræðum samkeppnislaga þegar reglur samkeppnislaga duga ekki einar og sér til að vinna bug á viðvarandi samkeppnisbrestum sem í ljós hafa komið.
- 22) Ástæða er til að ætla að með því að beita ofangreindum þremur skilyrðum samhliða megi fækka þeim mörkuðum á sviði rafræna fjarskipta sem lúta þurfa fyrirframlögðum kvöðum og stuðla þannig að einu markmiðanna að baki hinum sameiginlegu réttarreglum, þ.e. að draga smám saman úr fyrirframlagningu kvaða í einstökum atvinnugreinum eftir því sem samkeppni eykst á hverjum markaði. Sé einhverju skilyrðanna þriggja ekki fullnægt er það visbending um að ekki sé tilefni til fyrirframlagningar kvaða á markaðnum sem um ræðir.
- 23) Fyrirframlagning kvaða á heilðsölustigi verður að teljast fullnægjandi ráðstöfun til að bregðast við samkeppnisvanda sem orðið gæti vart á tengdum fráliggjandi mörkuðum. Fyrirframlögðum kvöðum skal ekki beitt á fráliggjandi markaði nema samkeppni á honum beri þess merki að tiltekin fyrirtæki hafi þar enn mikil ítök enda þótt fyrirframlögðum kvöðum hafi verið beitt á einum eða fleiri aðliggjandi heilðsölumörkuðum. Með hliðsjón af þeim árangri sem náðist hefur með opinberu eftirliti á sviði samkeppnismála er í þessum tilmælum aðeins fjallað um viðeigandi markaði á heilðsölustigi. Litið er svo á að eftirlit með mörkuðum á heilðsölustigi geri það kleift að bæta úr misbresti á samkeppni á þeim mörkuðum, en til hans má síðan rekja markaðsbresti sem komið hafa í ljós á tengdum smásölumörkuðum. Ef eftirlitsyfirvald tiltekens ríkis getur sýnt fram á að afskipti á heilðsölustigi hafi ekki skilað árangri þrátt fyrir þetta getur það þýtt að tilefni sé til fyrirframlagningar kvaða á viðeigandi smásölumarkaði, enda sé það niðurstaða eftirlitsyfirvaldsins að slík ráðstöfun standist þriggja þrepa prófið sem mælt er fyrir um í þessum tilmælum.
- 24) Framangreind þrjú skilyrði hafa ráðið því hvaða markaðir eru skráðir í viðauka með þessum tilmælum. Eðlilegt er að eftirlitsyfirvald hvers ríkis leggi þá forsendu til grundvallar við upphaf athugunar sinnar að skilyrðunum þremur sé fullnægt á þessum mörkuðum. Leiði athuginin aftur á móti til þeirrar niðurstöðu að traustur grundvöllur sé fyrir samkeppni á einum eða fleiri þeirra smásölumarkaða, sem tilgreindir eru, án þess að til opinberra kvaða þurfi að koma á heilðsölustigi, verður það einnig að vera niðurstaða eftirlitsyfirvaldsins að fyrirframlagðra kvaða sé ekki lengur þörf á heilðsölustigi.
- 25) Þótt tiltekinn markaður sé nefndur í viðaukanum kann eftirlitsyfirvald ríkis að telja ástæðu til, með vísan til sérstakra aðstæðna í landinu, að rannsaka sjálft hvort markaðurinn stenst þriggja þrepa prófið. Niðurstaða þeirrar rannsóknar getur orðið sú, eftir atvikum, að skilyrðum þriggja þrepa prófsins sé fullnægt eða að þeim sé ekki fullnægt við þær aðstæður sem ríkja í landinu. Ef tiltekinn markaður, sem nefndur er í tilmælunum, stenst ekki þriggja þrepa prófið skal hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald ekki beita kvöðum á þeim markaði.
- 26) Eftirlitsyfirvaldi hvers ríkis er heimilt að skilgreina aðra markaði en þá sem taldir eru upp í þessum tilmælum og beita þriggja þrepa prófinu gagnvart þeim. Nánar tiltekið ber eftirlitsyfirvöldum jafnan að beita þriggja þrepa prófinu ef þau komast að þeirri niðurstöðu að tiltekinn smásölumarkaður muni ekki einkennast af samkeppni í reynd nema fyrir tilstuðlan fyrirframlagðra kvaða, og hyggjast því leggja slíkar kvaðir á tilsvarandi heilðsölumarkað(i), enda sé hann/þeir ekki talinn/taldir upp í tilmælunum. Í slíkum tilvikum skal fyrst greina þann heilðsölumarkað í löðréttari heilðsölukeðju sem liggur fjarst smásölumarkaðnum sem um ræðir. Eftirlitsyfirvöld skulu greina einn af öðrum alla fráliggjandi markaði þeirra markaða sem lúta opinberum kvöðum til þess að skera úr um hvort þeir myndu einkennast af samkeppni í reynd ef opinberar kvaðir hvíldu á aðliggjandi mörkuðum, allt þar til komið er að viðkomandi smásölumarkaði/-mörkuðum.

- 27) Æskilegt er að eftirlitsyfirvöld beiti þriggja þrepa prófinu einnig gagnvart þeim mörkuðum sem taldir eru upp í viðauka við tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um [viðeigandi] markaði á sviði fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvaðir ⁽⁹⁾ eða tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 2008 en eru ekki nefndir í viðauka við þessi tilmæli, ef þeir lúta nú opinberum kvöðum sem beitt hefur verið vegna sérstakra aðstæðna í viðkomandi landi, til þess að meta hvort slíkar sérstakar aðstæður í landinu gefa enn tilefni til fyrirframálagningar kvaða á þeim mörkuðum.
- 28) Forðast ber óeðlilega íþyngjandi fyrirframálagðar kvaðir á nýjum mörkuðum, jafnvel þegar þannig stendur á að fyrirtæki geta notið hagræðis með því að vera fyrst til að hefja starfsemi á viðkomandi markaði, sbr. ákvæði rammtilskipunarinnar. Til nýrra markaða teljast vöru- og þjónustumarkaðir sem eru þess eðlis, vegna þess hversu stutt þeir hafa starfað, að afar torvelt er að segja fyrir um hvaða skilyrði muni ráða annars vegar eftirspurn á þeim mörkuðum og hins vegar markaðssókn nýrra fyrirtækja og framboði, með þeim afleiðingum að beiting þriggja þrepa prófsins er erfiðleikum bundin. Tilgangurinn með því að forðast óeðlilega íþyngjandi fyrirframálagðar kvaðir á nýjum mörkuðum er að ýta undir nýsköpun eins og skylt er samkvæmt 8. gr. rammtilskipunarinnar. Jafnframt ber að koma í veg fyrir að markaðsleiðandi fyrirtæki á hverjum slíkum markaði geti hindrað aðgang að honum, en um það atriði er einnig fjallað í leiðbeinandi reglum ESA um markaðsgreiningu og mat á því hvort mikil markaðsítök eru fyrir hendi ⁽¹⁰⁾. Smávægilegar endurbætur á fjarskiptanetum, sem þegar eru í notkun, leiða sjaldan til þess að nýr markaður verði til. Áður en sú ályktun er dregin að vara tilheyri ekki markaði sem þegar er til verður að staðfesta að brestur sé á staðgönguvörum bæði á eftirspurnarhlið og framboðshlið. Þegar ný tegund smásöluþjónustu kemur fram getur nýr afleiddur heildsölumarkaður myndast ef þannig stendur á að hin nýja smásöluþjónusta verður ekki veitt á grundvelli heildsöluvöru sem þegar er á markaði.
- 29) Eftirlitsyfirvald hvers ríkis skal greina Eftirlitsstofnun EFTA og eftirlitsyfirvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu frá niðurstöðum könnunar sinnar á því hvort skilyrðum þriggja þrepa prófsins er fullnægt þegar því er beitt í samræmi við þessi tilmæli og að því leyti sem það fellur undir ákvæði 3. mgr. 7. gr. rammtilskipunarinnar. Ef látið er hjá líða að tilkynna fyrirhugaða ráðstöfun sem hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna á þann hátt, sem lýst er í 38. lið inngangsorða rammtilskipunarinnar, getur það leitt til þess að sammingsbrotamál verði höfðað gegn EFTA-ríkinu sem á í hlut.
- 30) Tveir þeirra markaða, sem taldir voru upp í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA 2008 (markaðir 1 og 2), standast ekki lengur þriggja þrepa prófið og hafa því verið fjarlægðir úr upptalningu markaða í viðauka með þessum tilmælum. Þetta byggist á tilteknum væntum eða fyrirsjáanlegum breytingum á markaði Evrópska efnahagssvæðisins, og þar eð nokkur munur getur verið á því hversu hratt þær breytingar koma fram í einstökum EFTA-ríkjum geta sérstakar aðstæður í einstökum ríkjum réttlætt þá niðurstöðu eftirlitsyfirvalds að markaður 1 í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA 2008 eða aðrir smásölumarkaðir, sem tengjast markaði 2 í þeim tilmælum, hafi enn sem komið er ekki þróast svo langt að þeir muni einkennast af samkeppni í reynd þegar fram í sækir, nema beitt verði viðeigandi og hóflegum ráðstöfunum á heildsölustigi. Eftirlitsyfirvöld í tilteknu ríki geta þannig haft fullnægjandi ástæður til að framlengja gildistíma fyrirframálagðra kvaða á heildsölustigi, að því tilskildu að skilyrðum þriggja þrepa prófsins sé fullnægt við þær aðstæður sem ætla má að muni ríkja í landinu á því tímabili sem næsta markaðsathugun tekur til. Aðrir markaðir, sem taldir eru upp í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA 2008, gefa enn tilefni til fyrirframálagningar kvaða, þó þannig að markaðir 4, 5 og 6 í tilmælunum eru endurskilgreindir. Eftirlitsyfirvald hvers ríkis skilgreinir takmörk þessara markaða með hliðsjón af aðstæðum í viðkomandi landi.

⁽⁹⁾ Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um [viðeigandi] vöru- og þjónustumarkaði á sviði fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvaðir í samræmi við ákvæði gerðarinnar sem um getur í lið 5cl í XI. viðauka við EES-samninginn (tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu), í þeirri mynd sem hún var felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, samþykkt með ákvörðun 194/04/COL.

⁽¹⁰⁾ Sjá 4. nmgr. hér á undan.

- 31) Tilmæli þessi hafa verið kynnt almenningi til samráðs og borin undir eftirlitsyfírvöld og önnur stjórnvöld í EFTA-rikkjunum ⁽¹⁾.

TILMÆLIN ERU SVOHLJÓÐANDI:

1. Til grundvallar skilgreiningu sinni á viðeigandi mörkuðum, sem miðast við aðstæður í viðkomandi landi, sbr. ákvæði 3. mgr. 15. gr. rammatilskipunarinnar, leggi eftirlitsyfírvald hvers ríkis greiningu á þeim vöru- og þjónustumörkuðum sem taldir eru upp í viðauka með þessum tilmælum.
2. Ef skilgreindir eru aðrir markaðir en þeir, sem fram koma í viðaukanum, sýni eftirlitsyfírvöld fram á, og Eftirlitsstofnun EFTA sannreyni, að eftirfarandi þremur skilyrðum sé öllum fullnægt:
 - a) Fyrir hendi séu miklar og varanlegar aðgangshindranir sem rekja má til skipulagslegra, lagalegra eða stjórnsýslulegra þátta.
 - b) Uppbygging markaðarins, sem um ræðir, sé þess eðlis að hann muni ekki taka að einkennast af samkeppni í reynd á tímabilinu sem miðað er við, þegar lítið er til þeirra samkeppnisþátta sem liggja að baki aðgangshindrununum, svo sem mismunandi aðgangs að grunnvirkjum.
 - c) Úrræði samkeppnislaga nægi ekki til þess að vinna bug á þeim markaðsbrestí/-brestum sem komið hafa í ljós.
3. Ef lítið er svo á að ekki sé tilefni til fyrirframálagningar kvaða á einhverjum þeirra markaða sem taldir eru upp í viðaukanum, við þær sérstöku aðstæður sem ríkja í viðkomandi landi, sýni eftirlitsyfírvöld fram á, og Eftirlitsstofnun EFTA sannreyni, að einu eða fleiri þeirra skilyrða, sem tilgreind eru í 2. lið, sé ekki fullnægt.
4. Eftirlitsyfírvald hvers ríkis taki til athugunar hvers kyns samkeppnisaðhald sem skipt getur máli, óháð því hvort það telst eiga rætur sínar í rafrænum fjarskiptakerfum, rafrænni fjarskiptaþjónustu eða þjónustu eða tilhögun af öðru tagi sem telja má sambærilega frá sjónarhóli endanlegs notanda.
5. Tilmæli þessi eru gefin út með fyrirvara um markaðsskilgreiningar og niðurstöður markaðsgreiningar, svo og kvaðir sem eftirlitsyfírvald hvers ríkis hefur mælt fyrir um í samræmi við 3. mgr. 15. gr. og 16. gr. rammatilskipunarinnar fyrir gildistökudag þessara tilmæla.
6. Tilmælum þessum er beint til EFTA-rikkjanna.

Gjört í Brussel 11. maí 2016.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Sven Erik Svedman

Forseti

Frank Büchel

Stjórnarmaður

⁽¹⁾ Sú kynning átti sér stað frá 4. febrúar til 18. mars 2016.

VIÐAUKI

- Markaður 1: Lúkning samtala í einstökum almennum símkerfum með fasttengingu – heildsala
- Markaður 2: Lúkning samtala í einstökum farsímakerfum – heildsala
- Markaður 3: a) Staðaraðgangur með fasttengingu – heildsala
b) Miðlægur aðgangur með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur – heildsala
- Markaður 4: Aðgangur með fasttengingu af miklum gæðum – heildsala

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2017/EES/20/02

(mál M.8059 — Investindustrial/Black Diamond/Polynt/Reichhold)

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. mars 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sjóðir tengdir Investindustrial, í gegnum Global Chemicals SARL („Investindustrial“, Lúxemborg), og sjóðir tengdir Black Diamond Capital Management L.L.C. („Black Diamond“, Bandaríkjunum) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í fyrirtækjunum Polynt Group („Polynt“, Ítalíu) og Reichhold Group („Reichhold“, Bandaríkjunum). Sama samfylking hafði verið tilkynnt framkvæmdastjórninni 26. október 2016, en tilkynningin síðan dregin til baka 24. nóvember 2016.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Polynt: þróun framleiðsla og dreifing á sérnotaíðefnum og yfirborðsmeðferðariðefnum. Polynt er einkum virkt í framleiðslu á ómettuðu pólýesterresini, milliíðefnum (anhýdríðum), tengdum hrávörum (mýkiefnum), og sérnotaefnum (hitaherðandi efnasamböndum).
 - Reichhold: framleiðsla og sala á resinum sem notuð eru í samsett efni og húðunarefni.
 - Investindustrial: eignarhaldsfélag sem kaupir og stýrir hlutafjáreignum í öðrum fyrirtækjum.
 - Black Diamond: ráðgjafarfyrirtæki í fjárfestingum sem einkum leggur áherslu á fjögur svið fjárfestinga: i) fjárfestingu og stjórnun aðþrengdra fyrirtækja/framtakssjóðir, ii) vogunarsjóði, iii) millilagssjóði og lánaramma, og iv) aðra sérstaka sjóði.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

